



Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Gauti Geirsson
Sími ábyrgðarmanns	8441718
Netfang ábyrgðarmanns	gauti@frosti.is
Nafn fyrirtækis	Háafell ehf
Kennitala fyrirtækis	5201993149
Starfsstöð fyrirtækis	Nauteyri
Póstnúmer og staður	510 Hólmarvík
Sími fyrirtækis	450 4600
Netfang fyrirtækis	hg@frosti.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Kristján G. Jóakimsson
Sími tengiliðs	8931148
Netfang tengiliðs	kgj@frosti.is

Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

a) Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar:

Sótt er um starfsleyfi á 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf. Samtímis er sótt um rekstrarleyfi hjá MAST og reiknað er með að umsóknirnar verða afgreiddar samhliða.

Fyrir hefur HG/Háafell starfs- og rekstrarleyfi fyrir 2.000 tonna þorskeldi á staðsetningum í Álftafirði og Seyðisfirði. Háafell hafði áður fengið útgefið starfsleyfi fyrir sömu áform á eldi á 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og þorski í Ísafjarðardjúpi en ÚUA felldi það starfsleyfi úr gildi sumarið 2017 vegna meintra ágalla við umsóknarferlið. Tekið hefur verið tillit til þeirra þátta sem ÚUA nefndi í sínum rökstuðningi við vinnslu málsins hjá Háafelli. Háafell ehf og móðurfélag þess, Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf hafa starfrækt sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi síðan árið 2002 slysalaut og verið í umsóknarferli fyrir regnbogasilung og laxeldi síðan árið 2011. Umhverfismatsferli fyrir 6.800 tonna laxeldi er á lokametrum hjá Skipulagsstofnun en vegna óvissu um uppbyggingu laxeldis í Ísafjarðardjúpi hyggur félagið á að starfrækja regnbogasilungselði þangað til laxeldisleyfin eru í höfn eða samhliða laxeldinu.

Eldi á hverju svæði muni taka um tvö ár en að slátrun lokinni verði viðkomandi svæði hvílt í um ár áður en ný eldislota hefst á svæðinu. Nánari upplýsingar er að finna í Matsskýrslu sem fylgir með í viðhengi sem fylgiskjal 2. Háafell er með slátrun í Súðavík og vinnslu í Hnífsdal/Ísafirði.

Seiðaelði Háafells fer fram á Nauteyri II við innanvert Ísafjarðardjúpi þar sem starfsleyfi er fyrir 200 tonna framleiðslu en í umsóknarferli er stækkun á þeirri stöð uppí 800 tonna framleiðslu. Undanfarin ár hafa verið framleidd bæði regnbogasilungseiði og laxaseiði á Nauteyri og hafa þau verið tekinn út í sjó í stærðinni 200-250 grömm. Í uppbyggingaráformum á Nauteyri er reiknað áfram með að taka svo stór seiði og jafnvel heldur stærri seiði út en með því er tími fiskisins í sjónum styttr, lífrænt álag á eldissvæðum minnkar og fiskurinn verður betur í stakk búinn til þess að takast á ytri aðstæður svo sem lágan sjávarhita ofl.

Uppdrættir af staðsetningu	Fylgiskjal 3 - Staðsetningar.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Fylgiskjal 13- Afrit af staðfestu deiliskipulagi.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Fylgiskjal 4 - Staðhættir.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Regnbogasilungur

Við eldi regnbogasilungs verður notaður kynbættur stofn, upprunninn frá Danmörku. Fyrstu hrognin voru flutt til landsins árið 2007 og hefur það verið gert árlega síðan, en eldi á regnbogasilungi hefur m.a. verið stundað hjá Dýrfiski ehf. í Dýrafirði og Fiskeldi Austfjarða ehf. í Berufirði. HG/Háafell flutti fyrst inn hrogn í eldisstöðina sína á Nauteyri í innanverðu Ísafjarðardjúpi í júní 2014. Frá því var stundað eldi á regnbogasilungi í Álftafirði þar til veturinn 2018 þegar lokið var að slátra síðasta árgangum sem settur hafði verið út árið 2016. Laxaseiði hafa síðan verið í stöðinni á Nauteyri bæði árið 2016 og 2017 í þeirri von um að leyfismál myndu ganga eðlilega en enn eru laxeldisleyfamál í óvissu og því hefur Háafell þurft að selja seiðin annað.

Því er áætlað að taka inn á Nauteyri regnbogasilungshrogn að nýju í ágúst/september 2018 til þess að geta sett þau út vorið 2019. Seiðin verða bólusett skv. ráðgjöf dýralæknis fisksjúkdóma.

Fóður

Notað verður fóður sem keypt er frá innlendum fóðurframleiðendum í Reykjavík eða á Akureyri. Hugsanlega verður flutt inn fóður erlendis frá ef það reynist hagkvæmara. Gert er ráð fyrir að notuð verði rúm 8.000 tonn af þurrfóðri á hverju ári þegar eldið er komið í fullan rekstur. Fóðrið verður flutt með skipum og/eða bílum frá fóðurframleiðanda.

Notkun ásætuvarnar á netpokum

Undanfarin ár hefur HG notað ásætuvarnir með kopar til að draga úr gróðurvexti á netpokum. Litun netpoka með ásætuvarnum hefur nú verið hætt hjá HG. Netpokarnir verða þvegnir reglulega með háþrýstidisk á meðan á eldinu stendur.

Lúsalyf

Jafnframt er hugsanlegt að notuð verði böðunarefni fyrir laxalús. Ef til þess kemur verða notuð viðurkennd efni samkvæmt leiðsögn dýralæknis fisksjúkdóma.

Olíur

Notuð verður olía í þjónustubátum og fóðurprömmum.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Losun út í umhverfið

Útskilnaður á fosfór og köfnunarefni er að jafnaði áætlaður um 10 og 45 kg á hvert framleitt tonn. Losun á saur og fóðurköggjum sem ekki nýtast er u.þ.b. 200 kg á hvert framleitt tonn. Miðað við 7.000 tonna framleiðslu á ári má gera ráð fyrir um 1.400 tonnum af saur og fóðurleifum, 315 tonnum af köfnunarefni og 70 tonnum af fosfór (tafla 1). Um 80% af þessari útlosun á sér stað á því árgangasvæði þar sem framleiðslan er mest hverju sinni.

Þessi losun skiptist síðan á kvíaþyrpingar á hverju árgangssvæði allt eftir umfangi eldisins á hverju svæði.

Losun á lífrænum úrgangi (saur og fóðurleifar), köfnunarefni og fosfór í tonnum á ári m.v. 7.000 framleiðslu. Miðað er við að fyrir hvert tonn sem er framleitt sé losað út í umhverfið 10 kg af fosfór, 45 kg af köfnunarefni og 200 kg af lífrænum úrgangi.

Dreifing á saur og fóðurleifum

Í umsögnum hefur Umhverfisstofnun gert athugasemd við að lítill straumhraði væri á nýjum fyrirhuguðum eldissvæðum HG í Ísafjarðardjúpi. Hafrannsóknastofnun hefur breytt framsetningu gagna og í fylgiskjali 4 kemur fram að straumhraðinn er að jafnaði yfir 5 cm/s eins og Umhverfisstofnun mælir með. Dreifing á saur og fóðurleifum ætti því að vera tiltölulega góð. Samkvæmt straummælingum Hafrannsóknastofnunar eru töluverðar breytingar í straumstefnu og styrk sem tryggir betri dreifingu á saur og fóðurleifum allt í kringum kvíarnar.

Flutningsvegalengd fóðursköggla sem falla af straumhraða og dýpi. Gengið er út frá að sökk hraði fóðurköggla sé 12 cm/s.

Flutningsvegalengd saurs sem falla af straumhraða og dýpi. Gengið er út frá að sökk hraði saurs sé 3,7 cm/s.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Fylgiskjal 5 - Alþjóðasamningar.xlsx

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Fylgiskjal 6 - Lífrænt álag.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Samningur við Náttúrustofu Vestfjarða um vöktun á lífrænu álagi mun tryggja að ekki verði uppsöfnun á lífrænum leyfi á eldissvæðum verði aldrei of mikil.

Í fylgiskjali 7 er að finna núverandi vöktunaráætlun.

Vöktunin felur í sér að fylgst er með líffræðilegum þáttum, framkvæmdar efnamælingar og einnig teknar neðansjávarmyndir. Vöktun hvers fiskeldissvæðis miðast við kynslóðatíma. Grunnstýrnataka verður framkvæmd áður en nýtt svæði verður tekið í notkun. Þegar eldi einnar kynslóðar lýkur verður framkvæmd lokastýrnataka í kringum slátrun þegar lífrænt álag verður í hámarki. Tekin verður hvíldarsýnataka að afloknum hvíldartíma ef áætlað verður að nota svæðið aftur.

Sýnatökustöðvar verða valdar samkvæmt ISO 12878 staðli. Jafnframt er gert ráð fyrir neðansjávarmyndatöku í sem kemur að göðum notum sérstaklega þar sem ekki nást nægilega góð botnsýni til greiningar.

Vöktunaráætlun verður endurskoðuð einu sinn á ári, samhliða því að gæðakerfið verður sannprófað í heild sinni og endurbætt eftir þörfum.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út Fylgiskjal 7 - Vöktunaráætlun.pdf í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Í fylgiskjali 7 er vöktunaráætlun Náttúrustofu Vestfjarða en Náttúrustofan mun sömuleiðis annast framkvæmd hennar eins og kemur fram í lið 4. Samráð verður haft við Umhverfisstofnun um þróun eða frekari útfærslu á vöktunaráætluninni. Háafell færir einnig grænt bókhald og ústreymisbókhald hvert ár fyrir starfsemi sína. Í kafla 7 í gæðahandbók Háafells (fylgiskjal 12) er farið yfir innra eftirlit fyrirtækisins og hvernig þættir gæðahandbókarinnar eru sannreyndir.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Fóður sem ekki er étið af fiskum er partur af lífrænni mengun á eldissvæðum. Eldisaðilar leggja áherslu á að sem minnst fóður fari til spillis vegna umhverfisáhrifa og sömuleiðis er það hagkvæmt að nýta sem best fóðrið. Háafell mun því leggja mikla áherslu á vöktun á að fóðurnýting sé sem best og að lífrænar leifar safnist ekki upp.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Allur fiskúrgangur úr vinnslu fyrirtækisins og fiskur sem drepst í eldinu er seldur í loðdýrafóður eins og verið hefur undanfarin ár. Hráefni sem ekki verður hægt að setja í loðdýrafóður verður sett í meltuvinnslu og/eða urðað.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga Háafell telur ekki líkur á að fyrirbyggjandi aðgerðir úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar gagnvart mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Munu losunarpættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Í Ísafjarðardjúpi í dag er aðeins framleiddur regnbogasilungur í Skutulsfirði í litlu mæli. Áform eru uppi um uppbyggingu í fiskeldi víðsvegar um Ísafjarðardjúp en mismunandi er hve langt í stjórnsýslulegu ferli þau áform eru kominn. Fyrst um sinn munu því ekki verða mikil sammögnunaráhrif á meðan Háafell er að fara af stað með starfsemi sína.

Þegar uppbyggingaráform annarra fiskeldisfyrirtækja raungerast er hinsvegar fyrirséð að fyrirtækin þurfi að samræma og skipuleggja útsetningar með hliðsjón af sammögnunaráhrifum. Háafell lýsir yfir fullum vilja til þess að skipuleggja eldisstarfsemi í Ísafjarðardjúpi þannig að sem minnst áhrif af lífrænu álagi verði og til þess að minnka líkur á smiti sjúkdóma ofl, milli eldissvæða.

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Samþykkt hafa verið ný lög um haf og strandsvæðastjórnun og lýsir Háafell yfir vilja til þess að vinna með yfirvöldum að skipulagningu í Ísafjarðardjúpi.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Háafell er alíslenskt eldisfyrirtæki með yfir 16 ára reynslu af sjókvíaldri í Ísafjarðardjúpi. Í gegnum þessi ár hefur safnast upp dýrmæt reynsla í eldisstarfsemi þar sem starfsmenn hafa verið þjálfaðir upp og öðlast mikilvægt „know-how“. Umsókn þessi um regnbogasilungselði er viðleitni til þess að halda áfram rekstri Háafells á meðan laxeldisáform fyrirtækisins eru enn í uppnámi og jafnvel tvinna regnbogasilungselði og laxeldið saman þegar laxeldismálin liggja fyrir.

Háafell hefur í gegnum árin gert miklar kröfur til sín sjálfs og stjórnsýslunnar og verið leiðandi í að koma með tillögum um auknar umhverfis- og búnaðarkröfur á eldisfyrirtækin. Einnig hefur verið leitast við að hafa sem mest samráð um eldisáformin þar sem opnir og lokaðir fundir hafa verið haldnir með hagsmunaaðilum og áformum hnikað til eða mótvægisáðgerðir kynntar til þess að koma á móts við mismunandi sjónarmið.

Það er því fullur vilji til þess að starfrækja áfram öflugt fiskeldi við Ísafjarðardjúp, til hagsbóta fyrir samfélögin og í sátt við náttúruna.

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar Fylgiskjal 8 - Rekstrarstöðvun.pdf

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar Fylgiskjal 8 - Rekstrarstöðvun.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Fylgiskjal 9 - Ábyrgðartrygging 2018.pdf lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda Fylgiskjal 11 - Áhættumat vegna bráðamengunar.pdf

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda Fylgiskjal 12 - Gæðahandbók sjókvíaldri.pdf

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Fylgiskjal 1- Álit Skipulagsstofnunar.pdf

Viðbótargögn

Fylgiskjal 2 - Matsskýrsla.pdf
